

2019 nr. 66 24. júní**Lög um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC)**

Tóku gildi 4. júlí 2019; EES-samningurinn: bókun 31 reglugerð 723/2009, 1261/2013.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra eða háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að stuðla að þátttöku Íslands í samtökum um evrópska rannsóknarinnviði.

■ 2. gr. Lögfesting.

□ Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009 frá 25. júní 2009 um lagaramma Bandalagsins um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC), sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 23. apríl 2015, bls. 109–116, og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1261/2013 frá 2. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 723/2009 um lagaramma Bandalagsins um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC), sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 23. apríl 2015, bls. 92–93, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2015 frá 20. mars 2015, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 19. maí 2016, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

■ 3. gr. Skráning samtaka um evrópska rannsóknarinnviði.

□ Ríkisskattstjóri skráir samtök um evrópska rannsóknarinnviði, sem hafa lögboðið aðsetur á Íslandi, innan þriggja mánaða frá því að umsókn var samþykkt skv. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009.

□ Í tilkynningu um stofnun samtaka um evrópska rannsóknarinnviði skal, eftir því sem við á, tilgreina eftirfarandi atriði:

- a. heiti samtakanna,
- b. lögheimili,
- c. tilgang,

- d. stofnendur,
- e. stjórn,
- f. framkvæmdastjórn,
- g. prókúru og
- h. endurskoðendur.

□ Með tilkynningu skulu fylgja stofnsamþykktir samtakanna.

□ Breytingar á samþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skal tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum eða reglugerð ráðsins (EB) nr. 723/2009. Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga. Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa.

□ Samtökum um evrópska rannsóknarinnviði er skylt að hafa skammstöfunina ERIC í heiti sínu.

□ Um stofnun og skráningu samtaka um evrópska rannsóknarinnviði gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009 og eftir því sem við á ákvæði laga um fyrirtækjaskrá.

■ 4. gr. Slit samtaka um evrópska rannsóknarinnviði.

□ Þegar tekin hefur verið ákvörðun um slit samtaka um evrópska rannsóknarinnviði með lögboðið aðsetur á Íslandi, í samræmi við 2. mgr. 16. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009, skulu samtökin birta í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa samtakanna um að tilkynna kröfur sínar til stjórnar samtakanna innan sex vikna frá birtingu áskorunarinnar. Þekktum kröfuhöfum skal jafnframt send tilkynning um slitin sé þess kostur.

□ Tilkynning um lok slitameðferðar samtaka um evrópska rannsóknarinnviði skal send ríkisskattstjóra innan tíu daga frá birtingu hennar og skal tilkynningin skráð í fyrirtækjaskrá. Um slit samtaka um evrópska rannsóknarinnviði gilda ákvæði 16. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009.

■ 5. gr. Reglugerð.

□ Ráðherra getur með reglugerð¹⁾ kveðið nánar á um ferli sem varðar umsóknir um þátttöku Íslands í ERIC-samtökum.

¹⁾ Rg. 1400/2021.

■ 6. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.